



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um stöðu foreldra sem bíða eftir leikskólaplássi fyrir börnin sín**

Á fundi borgarráðs, 18. ágúst 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

*Þegar horft er á biðlista eftir leikskóladvöl á leikskólum Reykjavíkurborgar (15. ágúst sl.) voru 645 umsóknir vegna barna sem verða 12 mánaða eða eldri þann 1. september 2022 og eru að hefja leikskóla. Til viðbótar eru umsóknir vegna 61 barns þar sem óskað hefur verið eftir flutningi frá sjálfstætt reknum leikskóla á borgarrekinn leikskóla. Hvernig er staða foreldra sem bíða eftir leikskólaplássi fyrir börnin sín? Hversu margir foreldrar eru einstæðir? Hversu margir eru í sambúð? Eru til upplýsingar um fjölda foreldra af erlendum uppruna sem bíða eftir leikskólaplássi fyrir börnin sín? Heldur Reykjavíkurborg utan um sambærilegt kerfi vegna biðlista hjá dagforeldrum? Og ef svo er, hversu mörg börn eru á biðlista hjá dagforeldrum og hvernig er staða foreldra þar út frá ofangreindum spurningum?*

#### **Svar:**

Hjúskaparstaða foreldra er ekki aðgengileg á biðlistanum í heild. Hjúskaparstaða hefur ekki áhrif á umsóknina.

Í skráningarkerfinu Völu geta foreldrar skráð tungumál en ekki er óskað eftir upplýsingum um uppruna.

Hvert dagforeldri fyrir sig heldur utan um sína biðlista. Biðlistar hjá dagforeldrum eru ekki aðgengilegir hjá Reykjavíkurborg.

Í reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu segir í 4. gr. að sækja megi um forgang að leikskóla fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Þar kemur eftirfarandi fram:

„Börn á forgangi raðast á biðlistann eftir kennitölu, þau elstu fyrst. Í mjög brýnum undantekningatilfellum þar sem um skyndileg og alvarleg veikindi foreldra er að ræða eða í barnaverndarmálum er heimilt að víkja frá þeirri reglu að fengnu samþykki skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Leikskóladvöl barns með forgang hefst í fyrsta lagi við tólf mánaða aldur.

Sækja má um forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar vegna:

**I. Barna sem eru orðin 5 ára.**

**II. Fatlaðra barna og barna með skilgreind þroskafrávik.**



Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn.

**III. Barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi.**

a) Barnaverndarmál. Vottorð frá félagsmálayfirvöldum skal fylgja umsókn.

b) Alvarleg veikindi, alvarleg fötlun eða alvarlegir félagslegir erfiðleikar hjá fjölskyldumeðlimum barnsins.

Vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum skal fylgja umsókn.

c) Börn foreldra undir lögaldri (18 ára).

d) Börn einstæðra foreldra með þrjú eða fleiri börn á framfæri enda sé elsta barnið ekki eldra en 9 ára.

e) Þrjúburar.

Liðir I. , II. og III hér að ofan gilda einnig um sjálfstætt starfandi leikskóla.“